

FJÁRFESTINGARÁTAK í Brothættum byggðum

MYND: KPH

Um átakið

Sem hluti af aðgerðum vegna veirufaraldurs hefur Alþingi samþykkt að veita aukalega 100 m.kr. til Brothættra byggða á árinu 2020. Rökstuðningur átaksins er m.a.:

- Mikilvægt að hið opinbera ráðist í mannaflsfrekar og arðbærar framkvæmdir og fjárfestingar.
- Með aukinni fjárveitingu er hægt að styðja við stærri frumkvæðisverkefni íbúa sem skapa atvinnu í byggðarlögum.
- Verkefni þurfa að hefjast fyrir 1. september 2020 og vera lokið fyrir 1. apríl 2021.



HUGMYND að verkefni



UMSÓKN send í Frumkvæðissjóð



VERKEFNISSTJÓRN
velur að hámarki tvö
verkefni sem gefst
kostur á að sækja í
Öndvegissjóð.



Frumkvæðissjóður

Auglýst og úthlutað af verkefnisstjórn
hvers byggðarlags.



Öndvegissjóður

Sérstök úthlutunarnefnd, skipuð
fulltrúum verkefnisstjórna Brothættra
byggða, úthlutar úr sjóðnum.



Frumkvæðissjóður

60 m.kr. er veitt í frumkvæðissjóð sem skiptist
jafnt á milli þáttökubýggðarlaga, 8.5 m.kr. á
hvert þeirra.

Verkefnisstjórn hvers byggðarlags úthlutar úr
sjóðnum. Stefnt er að úthlutun fyrir lok maí en
umsóknarfrestur og skilyrði verða auglýst nánar í
hverju byggðarlagi.



Öndvegissjóður

40 m.kr. er veitt í samkeppnissjóð sem er
sameiginlegur fyrir öll sjö byggðarlögin. Þær
umsóknir sem berast í Frumkvæðissjóðinn
verða metnar af verkefnisstjórn byggðarlagsins
og úr þeim hópi eru valin tvö úrvalsverkefni sem
gefst kostur á að sækja einnig í Öndvegissjóðinn.

Verkefnisstjóri aðstoðar umsækjendur við að
aðlaga umsóknina, ef þess gerist þörf.

Opnað verður fyrir umsóknir 15. júní og
umsóknarfrestur er til og með 26. júní.

HVERJIR GETA OG HVERNIG ER SÓTT UM?

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást
há verkefnisstjóra hvers byggðarlags.

NÁNARI UPPLÝSINGAR veita verkefnisstjórar
hvers byggðarlags auk Evu Pandoru Baldursdóttur
og Kristjáns Þ. Halldórssonar hjá Byggðastofnun.



BYGGÐASTOFNUN